

Úttektaáætlun 2017

Úttektaáætlun 2017 byggir á Landsbundinni úttektaráætlun til margra ára (LÚMA 2017-2021) og gerir ráð fyrir 9 úttektum árið 2017.

Úttektir og úttektaþegar

Úttekt 2017-01A Sýnatökur og rannsóknir – Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla.

- Úttektarþegi: Matvælastofnun – Neytendavernd, Dýraheilsa og Umdæmisstofa Suðvesturumdæmis.
- Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort sýnatökur og annað eftirlit með salmonellu í alifuglarækt sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
- Umfang úttektar: Eftirlit Matvælastofnunar með salmonellu í alifuglarækt samkvæmt reglugerð nr. 1048/2011 (EB 2003/99), reglugerð nr. 135/2010 (EB 2073/2005) og Landsáætlun um varnir og viðbrögð við salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla. Úttektin nær til Neytendaverndar, Dýraheilsu og Umdæmisstofu Suðvesturumdæmis. Úttektin nær einnig til fódurs að því leyti sem það hefur ekki verið hluti úttektar 2017-05 um verklag við ABP eftirlit-Fiskimjöl.

Úttekt 2017-01B Sýnatökur og rannsóknir – Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla.

- Úttektarþegi: Rannsóknarstofa – Mátis ohf.
- Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort móttaka, meðhöndlun, rannsókn og framsetning rannsóknarniðurstaðna innsendra sýna sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
- Umfang úttektar: Móttaka, meðhöndlun og rannsókn innsendra sýna, framsetning rannsóknarniðurstaðna og viðbrögð við jákvæðum niðurstöðum hjá rannsóknarstofu Mátis ohf. vegna salmonellueftirlits í alifuglarækt og dreifingu afurða, samkvæmt reglugerð nr. 1048/2011 (EB 2003/99), reglugerð nr. 135/2010 (EB 2073/2005) og Landsáætlun um varnir og viðbrögð við salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla.

Úttekt 2017-01C Sýnatökur og rannsóknir – Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla.

- Úttektarþegi: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga – Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.
- Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort sýnatökur og annað eftirlit með salmonellu í alifuglakjöti á neytendamarkaði sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
- Umfang: Eftirlit með salmonellu í kjötafurðum alifugla á neytendamarkaði hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 (EB 882/2004), reglugerð nr. 103/2010 (EB 852/2004), reglugerð nr. 135/2010 (EB 2073/2005) og Landsáætlun um varnir og viðbrögð við salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla.

Úttekt 2017-01D Sýnatökur og rannsóknir – Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla.

- Úttektarþegi: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga – Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.
- Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort sýnatökur og annað eftirlit með salmonellu í alifuglakjöti á neytendamarkaði sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
- Umfang úttektar: Eftirlit með salmonellu í kjötafurðum alifugla á neytendamarkaði hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt reglugerð nr. 106/2010 (EB 882/2004), reglugerð nr. 103/2010 (EB 852/2004), reglugerð nr. 135/2010 (EB 2073/2005) og Landsáætlun um varnir og viðbrögð við salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla.

Úttekt 2017-02 Verklag við dýraeftirlit – Sauðfé í frumframleiðslu.

- Úttektarþegi: Matvælastofnun – Dýraheilsa og Umdæmisstofa Norðvesturumdæmis.
- Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort verklag við dýraeftirlit sauðfjár sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
- Umfang úttektar: Reglubundið eftirlit Matvælastofnunar með velferð dýra í frumframleiðslu sauðfjár, sbr. reglugerð nr. 106/2010 (EB 882/2004), lög nr. 55/2013 og reglugerð nr. 1066/2014. Úttektin nær til sviðs Dýraheilsu og Umdæmisstofu Norðvesturumdæmis.

Úttekt 2017-03 Verklag við fóðureftirlit – Skráning á fóðri.

- Úttektarþegi: Matvælastofnun – Dýraheilsa.
- Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort verklag við skráningu á fóðri í fóðureftirliti sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
- Umfang úttektar: Fóðureftirlit er snýr að skráningu fóðurs á sviði Dýraheilsu Matvælastofnunar, sbr. reglugerð nr. 106/2010 (EB 882/2004), lög nr. 22/1994 og reglugerð nr. 340/2001.

Úttekt 2017-04A Reglubundið eftirlit með eggjapökkun og dreifingu eggja.

- Úttektarþegi: Matvælastofnun – Dýraheilsa
- Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort verklag við eftirlit með pökkun eggja og dreifingu þeirra sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
- Umfang úttektar: Reglubundið eftirlit Matvælastofnunar með pökkun eggja og dreifingu þeirra, sbr. reglugerð nr. 106/2010 (EB 882/2004) og reglugerð nr. 1294/2014 (EB 1169/2011). Úttektin nær til sviðs Dýraheilsu.

Úttekt 2017-04B Reglubundið eftirlit með merkingu, geymslu og rekjanleika eggja.

- Úttektarþegi: Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga – Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort verklag við eftirlit með merkingu, geymslu og rekjanleika eggja í dreifingu þeirra til neytenda sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
- Umfang úttektar: Reglubundið eftirlit með merkingu, geymslu og rekjanleika eggja í dreifingu þeirra til neytenda hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, sbr. reglugerð nr. 106/2010 (EB 882/2004) og reglugerð nr. 1294/2014 (EB 1169/2011).

Úttekt 2017-05 Verklag við ABP eftirlit - Fiskimjöl.

- Úttektarþegi: Matvælastofnun – Dýraheilsa.
- Úttektarmarkmið: Að skera úr um hvort verklag við eftirlit með aukaafurðum dýra er snýr að fiskimjöli sé í samræmi við fyrirhugað fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé hrundið í framkvæmd með skilvirkum hætti.
- Umfang úttektar: Eftirlit með aukaafurðum dýra er snýr að fiskimjöli sem framkvæmt er af sviði Dýraheilsu hjá Matvælastofnun, sbr. reglugerð nr. 674/2017 (EB 1069/2009), um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Úttektaaðili


Úttektaaðili er gæðastjóri Matvælastofnunar. Úttektaaðili skipuleggur og stjórnar framkvæmd innri úttekta samkvæmt samþykktum úttektaáætlunum. Úttektaaðili skipar úttektarhópa sem í skulu vera minnst tveir úttektarmenn og skal annar þeirra vera valinn sem úttektarstjóri. Gæðastjóri Matvælastofnunar er að jafnaði úttektarstjóri ef hann er meðlimur úttektarhóps. Úttektaaðili annast útgáfu skilríkja til úttektarmanna sem staðfestingu á umboði þeirra. Úttektaaðili skal tryggja samræmi milli úttektamanna og, í samráði við úttektastjórn, að hæfni þeirra sé viðhaldið.

Úttektaaðili skal greina heildarniðurstöður úttekta og leggja fram fyrir úttektastjórn árlega greiningu á þeim kerfislægu styrkleikum eða veikleikum sem fram koma í úttektum.

Á grundvelli samþykkrar úttektaáætlunar skipuleggur úttektaaðili hverja úttekt og skilgreinir umfang hennar og þátttakendur. Til þess að ná markmiðum úttektar getur umfang úttektar náð út yfir og þvert á stjórnsýsluleg mörk og til margra lögbærra yfirvalda.

Úttektaaðili skipar úttektarstjóra fyrir hverja úttekt sem skipuleggur dagskrá úttektar í samráði við yfirmann/yfirmenn úttektarþega. Úttektarskipulag og beiðni um upplýsingar skal sent hlutaðeigandi aðilum eigi síðar en mánuði fyrir fyrirhugaða úttekt. Endanleg dagskrá úttektar skal liggja fyrir eigi síðar en viku fyrir áætlaða úttekt. Við framkvæmd innri úttekta á opinberu eftirliti er stuðst við leiðbeiningar ISO 19011:2011 og þær viðmiðunarreglur sem koma fram í ákvörðun nr. 2006/677/EC.

Framkvæmd innri úttekta er eftirfarandi:



Tafla 1. Tímarammi úttekta.

Úttekt	Úttekta- þegar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
2017-01A	Matvæla- stofnun. Neyenda- vernd, Dýraheilsa og Umdæmis- stofa Suðvestur- umdæmis.								Opnunar- fundur: 3. október		
Sýnatökur & Rannsóknir - Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla									Vettvangs- úttekt		
										Lokafundur: 5. október	
2017-01B	Rannsóknar- stofur. Mafís ohf.								Opnunar- fundur: 18. október		
Sýnatökur & Rannsóknir - Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla									Vettvangs- úttekt		
										Lokafundur: 19. október	
2017-01C	Heilbrigðis- eftirlit sveitarfélaga. Norðurland eystra.									Opnunar- fundur: 8. nóvember	
Sýnatökur & Rannsóknir - Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla										Vettvangs- úttekt	
											Lokafundur: 9. nóvember
2017-01D	Heilbrigðis- eftirlit sveitarfélaga. Hafnarfjarðar- og Kópavogs- svæði.									Opnunar- fundur: 21. nóvember	
Sýnatökur & Rannsóknir - Eftirlit með salmonellu í alifuglarækt og afurðum alifugla										Vettvangs- úttekt	
											Lokafundur: 22. nóvember

Úttekt	Úttekta- þegar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
2017-02	Matvæla- stofnun Dýraheilsa og Umdæmis- stofa Norðvestur- umdæmis.			Opnunar- fundur: 10. maí							
Verklag við dýraeftirlit - Sauðfé í frum- framleiðslu				Vettvangs- úttekt							
				Lokafundur 11. maí							
2017-03	Matvæla- stofnun. Dýraheilsa				Opnunar- fundur: 6. júní						
Verklag við fóðureftirlit - Skráning á fóðri					Vettvangs- úttekt						
					Lokafundur: 7. júní						
2017-04A	Matvæla- stofnun. Dýraheilsa.								Opnunar- fundur: 10. október		
Reglubundið eftirlit með eggjapökkun og dreifingu eggja									Vettvangs- úttekt		
										Lokafundur: 12. október	
2017-04B	Heilbrigðis- eftirlit sveitarfélaga. Reykjavík.									Opnunar- fundur: 1. nóvember	
Reglubundið eftirlit með merkingu, geymslu og rekjanleika eggja										Vettvangs- úttekt	
											Lokafundur: 2. nóvember

Úttekt	Úttekta- þegar	Mars	Apríl	Mai	Júni	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
2017-05											Opnunar- fundur: 13. desember
Verklag við ABP eftirlit - Fiskimjöl	Matvæla- stofnun. Dýraheilsa										Vettvangs- úttekt
											Lokafundur: 15. desember

Samþykkt í Gæðaráði Matvælastofnunar, 15. mars 2017

Samþykkt í Úttektanefnd, 25. ágúst 2017.